



Myndlist | Gallerí Tukt





Morgunblaðið/Árni Torfason

Jara og Hanna lögðu leið sína í Tukt-húsið. **Skemmtilegar stuttmyndir voru í gangi á staðnum.**

Nemendur í fornámi

NEMENDUR úr Myndlistaskólanum í Reykjavík opnuðu sýningu í Gallerii Tukt í Hinu húsinu um helgina. Um er að ræða nemendur í fornámsdeild, sem sýndu bæði ljós- og stuttmyndir. Í fornáminu undirbúa nemendur sig fyrir frekara listnám á háskólastigi og er sýningin ætluð til að gefa innsýn í vinnu þessa upprennandi listafólks.

Sýningin stendur í tvær vikur og er opin alla virka daga kl. 9–18. Aðgangur er ókeypis.

Myndlist | Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Myndir segja sögur

SÝNINGIN sem var opnuð á annarri hæð Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi er litrík, skemmtileg og með bæði beittan og gamansaman boðskap. Um er að ræða myndasögumessu, sem ber nafnið *Nían*. Sýningin er yfirgripsmikil og er gaman að sjá hversu margir íslenskir listamenn taka þátt. Einnig taka þátt myndasögumeistarar frá Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Kanada.

Í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur verður haldið málþing um myndasöguna helgina 2–3. apríl og bókabúðin Nexus selur bækur eftir höfunda á sýningunni. Sýningarskráin er um leið níunda tölublað myndasögublaðsins *Gisp!* þar sem birtar verða nýjar myndasögur með greinum um sýninguna.

Sýningin stendur til 24. apríl.
www.listasafnreykjavikur.is



Morgunblaðið/Árni Torfason

Auðvelt var að benda á margt áhugavert á staðnum.




Oddný Sturludóttir og Margrét Schram gæddu sér á þessu listræna góðgæti.

VISA
VÁKORT
Eftirlýst kort nr.
4539-8618-0017-6940
Afgreiðslufólk, vinsamlegast takið ofangreind kort úr umferð og sendið VISA Íslandi sundurklippt.
VERÐLAUN kr. 5000
VISA ÍSLAND
Álfabakka 16,
109 Reykjavík.
Sími 525 2000.

Móðgun við aðdáendur Eltons

BOY George gagnrýndi á dögunum Sir Elton John fyrir að hafa sungið með rapparanum Eminem fyrir fjórum árum, á Grammy-verðlaunahátíðinni. George sagði það móðgun við samkynhneigða aðdáendur Eltons John þar sem Eminem hafði áður látið ófögur orð falla í garð samkynhneigðra.

Boy George sagði: „Það er líkt og ef ég syngi með Pol Pot. Hann er hálfviti og ég held að hver einasta samkynhneigða manneskja með vitið í lagi fyndist það afar móðgandi að sjá Elton John flytja lag með honum." Í sama viðtali sagði þessi berorði fyrrum forsprakki Culture Club, söngkonuna Madonnu vera orðna fyrirsjáanlega. Hún sé hreinlega búin að misst „grúvið" eftir að hún varð móðir og þrá hennar til að koma á óvart sé orðin hvimleið.




Reuters

Boy George skammar poppdrottningarnar.

22 Pistepirkko snýr aftur

FINNSKA rokktríóið 22 Pistepirkko heldur tónleika á NASA nk. laugardagskvöld, 19. mars. Verður það þriðja heimsókn tríósins, sem var stofnað í N-Finnlandi fyrir rúmum tveimur áratugum síðan. Sveitin sendi frá sér sína fyrstu plötu 1987 en á alls að baki 8 plötur.



Margir fagna eflaust endurkomu 22 Pistepirkko.

Aðal 22 Pistepirkko hefur þó sérstaklega þótt vera kröftug og spennandi tónleikaframkoma og eru mörgum enn ofarlega í minni tónsveitarinnar á Íslandi.

Nýverið sendi 22 Pisterpirkko frá sér plötuna *Drops & Kicks* og mun hún vafalítið spila lög af nýju plötunni í bland við eldri lög sem féllu í svo góðan farveg í fyrri heimsóknum. Forsala miða verður í 12 Tónum og hefst á þriðjudaginn. Síðar verður tilkynnt hverjir hita upp.